



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Leiðbeiningar 2015

Veituframkvæmdir og fornleifar

© 2015

Minjastofnun Íslands

Öll réttindi áskilin

Minjastofnun Ísland

Suðurgata 39

101 Reykjavík

Iceland

(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is

www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Formáli	3
2.	Veituframkvæmdir.....	4
3.	Áhrif veitulagna á fornleifar.....	5
4.	Verkferli til verndar minjum við lagnaframkvæmdir.....	6
5.	Kostnaður vegna fornleifaskráningar	7

1. Formáli

Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar. Friðunin felur í sér að óheimilt er að raska, hylja eða á nokkurn hátt breyta fornleifum nema með leyfi og að uppfylltum þeim skilyrðum sem Minjastofnun Íslands kann að setja. Um þetta er fjallað í lögum um menningarminjar nr. 80 frá 2012.

Í lögnum eru fornleifar skilgreindar sem allt sem mannfólkið hefur skilið eftir sig eða sett mark sitt á með athöfnum sínum og er 100 ára eða eldra. Leifar eftir athafnir og framkvæmdir fólks allt frá landnámi er að finna í meira magni en flestir gera sér grein fyrir. Dreifingin er um allt land, þó þéttleikinn sé vitaskuld mestur í byggð.

Í lögnum segir að skráning fornleifa skuli ætíð fara fram á vettvangi áður en deiliskipulag er afgreitt og áður en leyfi til framkvæmda eða rannsókna er veitt. Með því móti hefur löggjafinn reynt að tryggja friðhelgi fornminja með kröfu um fornleifaskráningu þar sem von er á jarðraski.

Eftirfarandi leiðbeiningar voru unnar í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og Skipulagsstofnun.



Allar fornleifar á Íslandi eru friðaðar samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012.

Lagning hitaveitu í Eyjafjarðar-sveit.

2. Veituframkvæmdir

Veituframkvæmdir þurfa að vera í samræmi við skipulag. Samkvæmt gr. 4.3 í skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi gera grein fyrir og marka stefnu um byggð og fyrirhuguð stofnkerfi vatnsveitu, hitaveitu, rafveitu, fjarskipta og fráveitu og helgunarsvæði þeirra ofan jarðar og neðan. Það fer eftir eðli og umfangi veitunnar hvort viðkomandi strengir eru auðkenndir á aðalskipulagsuppdraetti eða aðeins mörkuð almenn stefna um þá í texta greinargerðar. Um veitur í deiliskipulagi er fjallað í gr. 5.3.2.15. Framkvæmdaraðili þarf að senda tilkynningu til skipulagsfulltrúa um áform sín til þess að unnt sé að meta samræmi þeirra við skipulag, lög um mat á umhverfisáhrifum og leyfisskyldu þeirra.

Veituframkvæmdir geta fallið undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Þær framkvæmdir sem tilgreindar eru í flokki A í 1. viðauka eru umhverfismatsskyldar. Framkvæmdaraðili ber að tilkynna framkvæmdir í B flokki 1. viðauka til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Hér er t.d. átt við framkvæmdir í lið 10.21: „...lagning niðurgrafinna strengja/lagna 10 km eða lengri utan þéttbýlis eða óháð vegalengd á verndarsvæðum. Lagning strengja/lagna í vatni/sjó 10 km eða lengra eða óháð vegalengd á verndarsvæðum“. Framkvæmdir í C flokki viðaukans, sem háðar eru byggingar- eða framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar ber hins vegar að tilkynna til sveitarstjórnar, sem tekur ákvörðun um matsskyldu.

Veituframkvæmdir geta verið háðar framkvæmdaleyfi skv. 5. gr. reglugerðar nr. 772/2012. Leyfisveitandi (þ.e. viðkomandi sveitarfélag) metur hvort framkvæmd sé framkvæmdaleyfis skyld skv. 1. mgr. 5. gr. reglugerðarinnar, falli hún ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Framkvæmdaleyfi skal gefið út á grunni deiliskipulags en þó er heimilt að veita leyfi á grundvelli aðalskipulags ef þar er gerð nægileg grein fyrir framkvæmdinni, sbr. kröfur um gögn í 7. gr. reglugerðarinnar. Liggi ekki fyrir staðfest/samþykkt skipulag þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni og sem Minjastofnun Íslands hefur fengið til umsagnar þarf umsögn stofnunarinnar að fylgja umsókn um framkvæmdaleyfi.

Athygli skal vakin á því að **framkvæmdaraðili ber að hafa samráð við Minjastofnun Íslands um allar framkvæmdir sem valda jarðraski** hvort heldur sem þær falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum eða ekki, sbr. 16. og 23. greinar laga um menningarminjar. Bent er á að þetta samráð getur þó hafa átt sér stað á fyrri stigum, s.s. í skipulagi.

3. Áhrif veitulagna á fornleifar

Einn þáttur umhverfismats er mat á áhrifum framkvæmdarinnar á menningarminjar (fornleifar, hús og mannvirki).

Hingað til hafa raf-, vatns- og fjarskiptalagnir oftast verið lagðar í skurð. Undanfarin ár hefur þó færost í vöxt að plægja þessar lagnir niður. Jarðrask vegna lagna í jörð er því mismikið. Rask við lagningu í skurð er augljóslega meira heldur en ef lagnir eru plægðar niður. En plægning getur einnig valdið skemmdum og hafa ber í huga að rask er oftast umfangsmeira en sjálfur skurðurinn eða plógfarið því miklar skemmdir geta orðið af völdum jarðýta og annarra véla sem notaðar eru við lagnavinnuna. Einnig kemur fyrir að leggja þurfi slóða að og meðfram lagnaleiðinni sem getur valdið umtalsverðu raski.

Í flestum tilfellum miðast lagnavinna við að koma hinum ýmsu veitum til íbúa landsins. Því þarf að leggja veiturnar að bæjum í sveitum landsins. Bæjarhús hafa oft verið á svipuðum stað öldum saman og stundum standa nýbyggingar á bæjarhólum. Þá er átt við að þau standi á uppsöfnuðum leifum fyrri bæjarhúsa. Slíkir hólar fela í sér gríðarlegt magn upplýsinga um líf og kjör genginna kynslóða. Því er mikilvægt að gæta sérstaklega að allri vinnu nálægt bæjum og í gömlum heimatúnum. Oftast hafa gömlu heimatúnin verið sléttuð og því erfitt eða ómögulegt að sjá leifar eldri mannvirkja sem þar kunna að vera. Í sumum tilvikum reynist nauðsynlegt að vakta allar framkvæmdir í gömlum heimatúnum og á bæjarhólum, jafnvel þó að fyrir liggi fornleifaskráning og engar sýnilegar minjar séu á framkvæmdasvæðinu.



4. Verkferli til verndar minjum við lagnaframkvæmdir

Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, hús- og mannvirkjaskráningar hvort heldur sem framkvæmd fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum eða ekki. Umsagnir Minjastofnunar byggja í aðalatriðum á eftirfarandi:

- Athugað er hvort fyrirbyggjandi gögn um framkvæmdina s.s. skipulag og umhverfismat auk fornleifaskráningar sé fullnægjandi. Fornleifaskráning verður að ná yfir a.m.k. 15 metra svæði til hvorrar handar frá ystu mörkum framkvæmdarinnar. Minjastofnun getur metið framkvæmd og aðstæður þannig að skrásetning verði að ná yfir stærra svæði.
- Ef ekki liggja fyrir fullnægjandi gögn er óskað eftir frekari gögnum svo sem fornleifaskráningu.
- Þar sem líkur eru á fornleifum, svo sem nálægt bæjarstæðum og í gömlum heimatúnum, þarf að leitast við að færa lögnina á staði sem áður hefur verið raskað s.s. í vegkanta eða eldri lagnaskurði.
- Þegar fullnægjandi gögn liggja fyrir er metið hvort frekari aðgerða er þörf. Dæmi um slíkar aðgerðir eru meðal annars:
 - Skurður eða plógfar fært og ný staðsetning metin eins og lýst er hér að ofan.
 - Eðli og umfang minja, sem er í hættu, kannað með rannsóknarskurðum. Í framhaldinu er metið hvort frekari rannsókna er þörf.
 - Fornleifarannsókn er nauðsynleg. Minjastofnun gerir áætlun um fornleifarannsóknir á grundvelli fyrirbyggjandi gagna og framkvæmdaaðili fær fornleifafræðinga til verksins.
 - Fornleifafræðingur þarf að vakta framkvæmdina alla eða á stöðum sem eru sérstaklega viðkvæmir.

5. Kostnaður vegna fornleifaskráningar

Ef fornleifaskráning liggur ekki fyrir eða er ekki fullnægjandi ber framkvæmdaraðila að greiða kostnað við þá skráningu sem og mögulegar frekari rannsóknir sem gera þarf vegna framkvæmdanna sbr. 28. gr. laga um menningarminjar.



*Nokkurra ára
gamall ljósleiðari
á Kálfatjörn,
Vatnsleysuströnd.
Sami lagnabútur á
báðum myndum,
teknar úr
sitthvorri áttinni.*